



Fundur Framkvæmdaráðs Snæfellsness

Fundargerð 8. september 2010

Fundaboðari: Theódóra Matthíasdóttir, umhverfisfulltrúi

Nr. fundar: 22

Mættir:

Benedikt Benediktsson, oddviti Helgafellssveitar
Björn Steinar Pálmason, bærarstjóri Grundarfjarðarbæjar
Guðbjartur Gunnarsson, oddviti Eyja- og Miklaholtshrepps
Gyða Steinsdóttir, bærarstjóri Stykkishólmsbæjar
Kristinn Jónasson, bærarstjóri Snæfellsbæjar
Theódóra Matthíasdóttir, umhverfisfulltrúi Snæfellsness og starsfmaður Framkvæmdaráðs
Róbert A. Stefánsson, forstöðumaður Náttúrustofu Vesturlands

Fundarstaður og tími: Bæjarskrifstofa Grundarfjarðar, 7/9/2010 kl. 13:00

Dagskrá:

1. Tilnefning formanns, varaformanns og ritara
2. Stutt kynning á EarthCheck, hvað hefur verið gert og hvað er framundan
 - a. Kynningar fyrir sveitarstjórnir og forsvarsmenn stofnana sveitarfélaga
 - b. Kynningar fyrir íbúa
 - c. Tjaldstæði í vottun?
 - d. Framkvæmdaáætlun og frágangur nauðsynlegra gagna
3. Framtíð verkefnisins og fjármögnun
4. Önnur mál

Umfjöllun:

1. Þar sem nýtt fólk var sest í Framkvæmdaráð Snæfellsness vegna sveitarstjórnakosninga í vor þurfti að skipa í stöður ráðsins á ný. Kristinn Jónasson var kosinn formaður áfram, Gyða Steinsdóttir varaformaður og Guðbjartur Gunnarsson ritari. Kristinn Jónasson tók að sér fundarstjórn og Theódóra Matthíasdóttir sá um ritun fundargerðar.
2. Róbert Stefánsson kynnti forsögu verkefnisins og hvers vegna það gengur nú undir nafninu EarthCheck en ekki Green Globe. Í máli hans kom fram að EarthCheck sé heitið á „benchmarking“ kerfinu sem farið var eftir þegar Green Globe var og hét og sem enn er notað í dag. Samningar voru á milli eigenda þessa „benchmarking“ kerfis og eigenda Green Globe merkisins, sem sáu um vottun ferðaþjónustufyrirtækja og voru að vinna í því að þróa staðla fyrir vottun samfélaga. Upp kom ósætti á milli þessara aðila sem varð til þess að þeir sem ráku EarthCheck „benchmarking“ kerfið slitu sig frá samstarfinu og byrjuðu á nýjum grunni undir merkjum EarthCheck. Að baki EarthCheck er sterkt háskólasamfélag og traustir aðilar á sviði ferðamála.

Róbert nefndi að auðvitað sé erfitt að skipta um merki á miðri leið. Merkið sé ekki endilega vel þekkt í heiminum öllum en sé að ryðja sér til rúms og hafa verði í huga að Snæfellsnes sé í frumkvöðlastarfsemi hvað þetta varðar.

Í kjölfarið fór Róbert stuttlega yfir vottunarúttektina sem fór fram á svæðinu í vor. Hingað kom hin ástralska Cathy Colgan, margreyndur úttektaraðili, ásamt Hauki Haraldssyni frá Almennu



Fundur Framkvæmdaráðs Snæfellsness

Fundargerð 8. september 2010

Verkfræðistofunni, en hann er að læra að verða úttektaraðili fyrir EarthCheck. Cathy leist vel á svæðið og hafði sérstaklega á orði hversu sterk framtíðarsýn verkefnisins væri. Í sumar var vottun veitt á ný með nokkrum smávægilegum fyrirvörum um breytingar sem sinna þarf á næstu 12 mánuðum frá vottun. Snéru þær breytingar að mestu leyti að úrbótum á umhverfisstjórnunarhandbókinni og mun umhverfisfulltrúi sjá um að bæta úr því sem þarf.

- a. Kristinn taldi mikilvægt að sveitarstjórar í framkvæmdaráði nýttu sér boð umhverfisfulltrúa um að mæta á bæjarstjórnarfundi til þess að kynna verkefnið, bæði fyrir stjórnarfólki sem og starfsmönnum bæjarins. Nauðsynlegt væri að fara yfir þá þróun sem hefur átt sér stað síðan verkefnið hófst – margt hafi verið gert sem fólk átti sig ekki eða sé farið að taka sem gefnu. Nefndi hann í því tilfalli Græn- og Bláfánaverkefnið og sorpmál sveitarfélaganna allra. Sýna þurfi fram á að sveitarfélögin hafa í sífellu sett sér ný markmið og gera þurfi grein fyrir niðurstöðum og árangri. Benda þarf á að verkefnið klárast aldrei og sífellt þarf að vinna að framförum.

Kristinn taldi að gera þyrfti grein fyrir því hjá sveitarstjórnnum og almenningi hvers vegna Framkvæmdaráðinu var breytt. Upphaflega sátu þar fulltrúar íbúa sveitarfélaganna sem var í sjálfu sér gott mál en hægði aftur á móti mjög öllu ferli. Því þótti betra að hafa höfuð sveitarfélaganna í ráðinu þannig að hægt væri að taka ákvarðanir á sem hraðastan máta.

- b. Kristinn benti á að helsta leiðin til þess að ná til sem flestra íbúa á svæðinu væri að skrifa stuttar greinar í bæjarblöðin og láta dreifa þeim tölublöðum sem skrifað er í líka til Helgafellssveitar og Eyja- og Miklaholtshrepps. Þar mætti meðal annars fjalla um ástæður breytinganna úr Green Globe yfir í EarthCheck og hvaða árangur hefur náðst síðan verkefnið hófst. Ennfremur nefndi hann fyrirlestra hjá kvenfélögum og Lionsklúbbum. yningar fyrir íbúa sveitarfélaganna

Guðbjartur stakk upp að auglýsa opna sveitarstjórnafundi þar sem fjallað yrði sérstaklega um EarthCheck verkefnið.

Í tengslum við kynningarmál sagði Róbert frá ráðstefnu sem haldin var í vor um umhverfisvottun Vestfjarða. Vonast var til þess að ályktun um umhverfisvottun Vesturlands, sem flytja átti á aðalfundi Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi þann 10. og 11. september, yrði samþykkt og í tengslum við hana væri möguleg sambærileg ráðstefna um umhverfisvottun Vesturlands.

- c. Tekin var sú ákvörðun um að Theódóra færi í að kanna hvers kyns umhverfismerki væri hægt að fá fyrir tjaldstæði. Hvaða kröfum þyrfti að mæta og hver kostnaður væri. Á grundvelli þeirra upplýsinga væri svo hægt að meta síðar hvort sveitarfélögin vildu fara í það ferli að fá tjaldsvæðin sín umhverfisvottuð, en það hefur að minnsta kosti staðið lengi til Stykkishólmi.
 - d. Theódóra greindi frá því að hún væri að vinna í því að klára að safna og slá inn „benchmarking“ tölur fyrir síðasta ár. Þegar því væri lokið yrði hægt að leggja lokahönd á drög að framkvæmdaáætlun sem lögð yrði fram til samþykktar hjá Framkvæmdaráði.
3. Björn Steinar benti á að efasemdir væru uppi meðal bæjarfulltrúa í Grundarfirði um framtíð EarthCheck vottunarverkefnisins og að á síðasta bæjarráðsfundi hafi verið bókað að óska eftir viðræðum við nágrannasveitarfélögin um framtíð verkefnisins. Grundfirðingar hefðu efasemdir um ábatann sem fylgir umhverfisvottun EarthCheck og hvort ekki væri hægt að ná sambærilegum árangri án sérstakrar vottunar.

Róbert benti á að Staðardagskrárvinna sé næsta skref fyrir neðan umhverfisvottun í umhverfisvinnu sveitarfélaga. Þar væri ekkert eftirlit með markmiðum sem sveitarfélög setja sér og engar leiðbeiningar um hvernig skuli snúa sér að hinum og þessum breytingum. Framvinda þeirra sem



EARTH CHECK

Fundur Framkvæmdaráðs Snæfellsness

Fundargerð 8. september 2010

standa í þeirri vinnu yrði oft mjög hæg. Ennfremur væri lítið hægt að markaðssetja sig út á Staðardagskrárvinnu.

Róbert benti á að almenningur á svæðinu viti lítið sem ekkert um verkefnið og því þurfi að fara í góða kynningarstarfsemi. Ennfremur benti hann á að sveitarfélögin hafi ekki þurft að leggja út í mikinn kostnað vegna verkefnisins til þessa þar sem ávallt hefur fengist styrkur af fjárlögum.

Upp kom sú hugmynd að til þess að gera merkið sýnilegra væri hægt að setja upplýsingaskilti um verkefnið nærri innganginum á svæðinu, til dæmis við Vegamót þar sem margir ferðamenn á.

Kristinn ræddi umsókn til fjárlaganefndar Alþingis en umsóknarfrestur var til 15. september. Vildi Kristinn meina að þjóðfélag í þrenginum þyrfti enn frekar á umhverfsvakningu að halda. Snæfellsnes væri að vinna forvinnu fyrir önnur sveitarfélög á landinu. Hvert svæði á Nesinu hefði sína sérstöðu og nefndi hann þar sem dæmi Grundarfjörð og þjónustu bæjarins við skemmtiferðaskip. Ennfremur væri Stykkishólmur með spennandi verkefni, meðal annars Eldfjallasafnið. Þjóðgarðurinn væri styrkur fyrir svæðið í heild sinni og umhverfsvottunin ýtti undir möguleika í fiskvinnslu og annari matvælaframleiðslu á svæðinu, eins og til dæmis í Snæfellsbæ.

Róbert taldi að sú þekking sem safnast hefur á svæðinu í umhverfsvottunarferlinu gæti virkað sterkt í umsókn um styrk frá fjárlaganefnd. Sveitarfélögin gætu nýtt þessa þekkingu til þess að aðstoða önnur sveitarfélög í svipuðum hugleiðingum.

Kristinn velti upp þeirri spurningu um í hversu miklum mæli sveitarfélögin á Snæfellsnesi ættu að borga fyrir starfsmann til aðstoðar öðrum sveitarfélögum.

Tekin var ákvörðun um það að Theódóra myndi semja uppkast að umsókn og viðeigandi fylgiskjöl.

Önnur mál:

4. Fór Kristinn fram á að fyrir næsta fund skyldi Theódóra vera búin að taka saman yfirlit yfir möguleg verkefni umhverfisfulltrúa á næstu mánuðum.

Niðurstaða:

Frkv. fyrir næsta fund:

Theódóra semur umsókn til fjárlaganefndar.

Theódóra tekur saman upplýsingar um umhverfismerki fyrir tjaldsvæði.

Theódóra tekur saman lista yfir verkefni umhverfisfulltrúa á næstu mánuðum.

Næsti fundur:

Fundi slitið kl.: 14:30